

Háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. mars 2023
Tilvísun: 202303-2885, 6.0

Sent til: brynhildur.palmarsdottir@hvin.is

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025

Hugverkastofan fagnar því að fram sé komin tillaga til þingsályktunar um eflingu íslensks þekkingarsamfélags og það metnaðarfulla og mikilvæga markmið að hugverkaiðnaður verði stærsta útflutningsgrein landsins. Við teljum afar mikilvægt að slíkt markmið sé sett fram og að því sé unnið á skipulagðan og skilvirkan hátt. Stefnumótandi aðgerðir sem lýst er í tillögunni virðast vel til þess fallnar að stuðla að því að markmiðið náist. Við teljum þó mikilvægt að í endanlegri tillögu verði meiri áhersla lögð á mikilvægi þess að stjórnvöld stuðli að því að íslensk fyrirtæki, háskólar og stofnanir verndi í ríkari mæli þau hugverk sem til verða í starfsemi þeirra, m.a. með skráningu hugverkaréttinda.

Í hugverkastefnu stjórnvalda fyrir Ísland 2016-2022 sagði meðal annars: „Samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs byggist á markvissri nýtingu hugverkaréttinda og upplýstri ákvarðanatöku um leiðir til verndar“. Í stefnu Hugverkastofunnar 2018-2022 sagði enn fremur að framtíðarsýn stofnunarinnar væri að „Hugverkastofan verði þekkingarmiðstöð hugverkaréttinda í hugverkadrifnu samfélagi og sterkur hlekkur í keðju nýsköpunar og atvinnulífs.“

Þessar tvær tilvitnanir ná ágætlega utan um mikilvægi hugverkaverndar og Hugverkastofunnar fyrir það metnaðarfulla og mikilvæga markmið að hugverkaiðnaður verði meginstöð í íslensku efnahagslífi. Við leggjum því til að eitt af meginmarkmiðunum sem fram komi í tillögunni snúi að öflugri vernd íslenskra hugverka. Það mætti t.d. gera með því að taka lykilatriði úr hugverkastefnunni inn í tillöguna og kveða skýrt á um að móta skuli nýja hugverkastefnu svo fljótt sem auðið er.

Við teljum mikilvægt að í lýsingu á meginmarkmiðum tillögunnar komi fram að öflug hugverkavernd sé mikilvæg til að tryggja og halda utan um þau verðmæti sem íslenskur hugverkaiðnaður skapar. Án verndar er hætt við því að mikil verðmæti fari forgörðum. Einnig mætti minnst á mikilvægi þess að auka vægi hugverkaréttinda í íslensku háskóla- og vísindastarfi til þess að vísindamenn og háskólar njóti ávaxta rannsókna sinna til fulls.

Gæta þarf enn fremur að því í allri umfjöllun um hugverkavernd að hún felst ekki eingöngu í einkaleyfum, heldur líka í skráðum vörumerkjum, hönnun, viðskiptaleyndarmálum o.fl.

Í kafla um stefnumótandi aðgerðir leggjum við til eftirtaldrar viðbætur:

- Ný, aðgerðamiðuð hugverkastefna verði mótuð sem taki m.a. mið af hraðri þróun á sviði gervigreindar.
- Kerfi að erlendri fyrirmynd um sk. *Patent Voucher* verði komið á laggirnar til þess að styrkja íslenska aðila til að sækja um einkaleyfi hér á landi og á alþjóðlegum mörkuðum.
- Fræðsla verði augin um mikilvægi hugverkaverndar í háskólum, ekki síst í STEAM- og heilbrigðisgreinum.
- Regluverk tengt hugverkavernd verði einfaldað, m.a. til þess að auka stafræna umsýslu.



- Kostir þess að taka upp einfaldari gerð einkaleyfa, sk. Utility Patents að alþjóðlegri fyrirmynd verði skoðaðir.

Markviss stefnumótun um vernd og skráningu hugverka getur styrkt stöðu viðkomandi fyrirtækis, rannsóknarstofnunar eða háskóla verulega. Með því að taka upplýsta ákvörðun um hvernig fara skuli með hugverk sem verða til er hægt að skapa gríðarlega sterk viðskiptatæki sem leitt geta af sér sérstöðu, verðmæti og svigrúm til athafna á markaði. Við verðmat fyrirtækja og flesta almenna ákvarðanatöku getur tilvist skráðra hugverkaréttinda skipt sköpum. Fjárfestar kanna iðulega við mat á því hvort fjárfesting er talin vera arðbær eða ekki hvernig sprotafyrirtæki og frumkvöðlar hafa tryggt þekkingu innan fyrirtækjanna og verðmætin sem af henni kunna að skapast.

Flest verðmætustu fyrirtæki heims byggja velgengni sína á skipulagðri stefnu um vernd hugverka og umfangsmikilli skráningu hugverkaréttinda. Sem dæmi má nefna erlend stórfyrirtæki eins og Google, Apple, Samsung og Microsoft. Hér á landi eru mörg dæmi um stór og öflug hátæknifyrirtæki sem byggja afkomu sína að miklu leyti á skráðum hugverkum, þ.e. einkaleyfum, vörumerkjum og hönnun. Sem dæmi má nefna: Össur, Marel, Controlant, Lauf Cycling, Bláa lónið og BIOEFFECT. Velgengni þessara fyrirtækja má að talsverðu leyti þakka kerfisbundinni verndun hugverkaréttinda allt frá stofnun þeirra. Það eru þó, því miður, einnig til fjölmörg dæmi um íslensk fyrirtæki sem ekki hafa náð því flugi sem vonast var til vegna þess að ekki var nægjanlega vel gætt að vernd hugverkaréttinda.

Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á það að fyrirtækjum, sem leggja áherslu á vernd hugverka, gangi betur en þeim sem gera það ekki, þau vaxa hraðar, skapa meiri tekjur, greiða hærra laun o.s.frv. Það er því til mikils að vinna að íslensk hugverkafyrirtæki leggi ríka áherslu á að tryggja sín hugverkaréttindi. Því miður er virði hugverka og mikilvægi hugverkaverndar oft vanmetið hér á landi. Því þarf að efla almenna fræðslu meðal almennings og í skólakerfinu öllu um hugverk og þær leiðir sem eru til staðar til þess að vernda þau.

Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags hér á landi felur í sér metnaðarfulla áætlun og markmið um hugverkaiðnað sem stærstu útflutningsgrein landsins. Almenn þekking á mikilvægi hugverkaverndar er grundvallarskilyrði fyrir slíkri uppbyggingu og því er mikilvægt að þeir lykilkættir sem stofnunin leggur til verði útfærðir nánar í tillöggunni. Þannig verður stuðlað að uppbyggingu öflugss þekkingarsamfélags sem Ísland getur verið stolt af.

Virðingarfyllst,
f.h. Hugverkastofunnar

Borghildur Erlingsdóttir
Forstjóri